

Nr. 20-002 S 002 Helga María RE 1***Skipverji slasast á höfði***

Skipaskr.nr. 1868
IMO: 8709793
Smíðaður: Noregi 1988, stál
Útgerð: HB Grandi hf
Stærð: 883 brl. 1470 bt.
Mesta lengd: 56,86 m Skráð lengd: 54,4 m
Breidd: 12,6 m Dýpt: 7,7 m
Vél: Wärtsilä 2200 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 15



Helga María©Eiríkur Jónsson

Gögn:
Lögregluskýrsla.
Gögn RNSA.

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. janúar 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 13. janúar 2020 var Helga María RE 1 á togveiðum á Austfjarðamiðum. Veður: N 15 m/s. Ölduhæð 5 m.

Skipverjar voru að hífa trollið og lengjan kominn inn fyrir. Þegar híft var í rússann kræktist hann undir bobbingalengjuna bakborðsmegin á trollinu og skipverji teygði sig inn í rennuna til að færa hann til. Skyndilega tók í rússann, hann slóst til og lenti af miklu afli á höfði skipverjans og kastaði honum í þilfarið. Skipverjinn brotnaði illa í andliti og var þyrta Landhelgisgæslunnar TF-EIR send til að sækja slasaða og fara með hann til Egilsstaða. Slasaði var síðan fluttur með sjúkraflugvél til Reykjavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn sá að rússinn var að húkkast undir lengjuna og ætlaði að kippa honum upp á trollið þannig að hann myndi ekki grafast undir;
- að þegar pokinn kom inn var rússinn margvafinn utan um pokann en trollinu hafði verið kastað með rússann óklárann;
- að slakinn sem átti að vera á rússanum var ekki til staðar og rússinn styttri sem munaði vafningunum sem fóru utan um pokann;
- að rússinn var úr 24 mm ofurtógi, 31 m að lengd og fór inn á flottromluna;
- að skipverjarnir voru að taka trollið inn í fyrsta skipti í veiðiferðinni. Allt bendir til þess að rússinn hafi flækst þegar trollið var dregið fram eftir til

geymslu í síðustu veiðiferð og hann ekki skoðaður þegar trollið var látið fara;

- að þetta verklag að nota rússa við að hífa pokann inn hefur verið tekið upp á mörgum skuttogurum. Í stað þess að láta skipverjana standa inn í rennunni og slá stroffum á belginn með nokkrum færslum. Rússinn er tekinn í hanafót og festur við öll leysin á pokanum og er svo einfaldur þar fyrir ofan. Hann er festur aftast á lengjuna þar sem gilsinn frá flottromlunni er festur við hann þegar verið er að taka trollið. Loks er pokinn hífður inn á þilfarið með rússann undir miklu átaki;
- að sögn slasaða var rússinn stjórnborðsmegin á tromlunni en ekki bakborðsmegin eins og venja var. Þannig að hann slóst upp en ekki frá slasaða þegar það tók í hann;
- að slasaði var með öryggishjál.



Rauða örin sýnir þar sem rússinn er undir átaki.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var sú að rússinn var flæktur utan um pokann og því minni slaki á honum en átti að vera.